

Mánudaginn 18. okt. 1926.

Nr. 25/1926

**O. Ellingsen f. h. eigenda og
vátryggjenda „Lilly“** (L. Fjeldsted)
gegn

**Helga Zoëga f. h. Jóns Odds-
sonar v. eigenda og vátryggj-
enda b/v. Ceresio** (Pjetur Magnússon).

Úrskurður:

Af stefnda hálfu hefir þess verið krafist, að máli þessu verði vísað frá hæstarjetti og byggist frávísunarkrafan á því, að leyfi til áfrýjunar hafi verið veitt eftir að 12 almanaksmánuðir voru liðnir frá dómsuppsögn án þess að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi.

Áfrýjandi hefir hinsvegar krafist, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að sjer verði veittur þriggja vikna frestur til undirbúnings sóknar í málinu.

Dómur í máli þessu hefir verið kveðinn upp 9. ágúst 1924, en áfrýjunarleyfið er útgefið 15. febrúar 1926. Af innihaldi leyfisbrjefsins sjest, að áfrýjunarleyfið hefir verið veitt samkvæmt undantekningarákvæðinu í niðurlagi 1. málsgreinar 28. gr. hæstarjettarlaganna og með því að líta verður svo á, að það heyri undir valdsvið dómsmálaráðherra að meta hvort lögmæt skilyrði sjeu fyrir hendi til að veita áfrýjunarleyfi eftir að liðnir eru 12 mánuðir en áður en liðin eru 3 ár frá uppsögn dómsins, þá verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina og veitist áfrýjanda 3ja vikna frestur til að undirbúa sókn í málinu.

Því úrskurðast.

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina. Áfrýjanda veitist 3ja vikna frestur.
